

Sveitarstjóri Dalabyggð

From: Sveitarstjóri Dalabyggð
Sent: fimmtudagur, 27. maí 2021 13:17
To: Sveitarstjóri Dalabyggð
Subject: FW: Frá Samráðshóp um starfsemi hjúkrunarheimila og dagdvala í COVID faraldri

From: Eybjörg Hauksdóttir <eybjorg@samtok.is>
Sent: fimmtudagur, 27. maí 2021 11:22
To: Subject: Frá Samráðshóp um starfsemi hjúkrunarheimila og dagdvala í COVID faraldri

Góðan dag,

Nokkrar fyrirspurnir hafa borist samráðshóp hjúkrunarheimila undanfarið vegna maskanotkunar á hjúkrunarheimilum. Af því tilefni er rétt að benda á að **útsendar leiðbeiningar eru enn í gildi** (að teknu tilliti til þeirra breytinga sem hafa orðið á fjöldatakmörkunum yfirvalda), en þær eru nokkuð ítarlegar varðandi notkun maska hjá starfsmönnum o.fl. Rétt er að ítreka að mismunandi útgáfur gilda eftir stöðu hjúkrunarheimila og dagdvala (eftir því hvort starfsmenn séu bólusettil að fullu, eða ekki) og stöðunni í samfélaginu (sértækar leiðbeiningar eru til staðar ef það er uppi hópsmit í nánasta umhverfi heimilisins).

Eina breytingin sem starfshópurinn leggur til á þeim leiðbeiningum sem þegar eru komnar fram, er sú að ekki er lengur talin þörf á að **gestir** beri grímur/maska þegar þeir koma inn á hjúkrunarheimilið (nema þeir kjósi svo), þó svo bólusetningu starfsmanna sé ekki að fullu lokið, enda gæti þeir að 2ja metra fjarlægðartakmörkum eins og almennar reglur kveða á um. Aðrar leiðbeiningar standa.

Þá ítrekar starfshópurinn mikilvægi þess að bólusettil og óbólusettil einstaklingar skuli vera vakandi fyrir einkennum og fara í sýnatöku ef einkenni koma fram.

Að endingu vill starfshópurinn taka fram að á þessum tímapunkti, þegar íbúar heimilanna og starfsmenn eru að verða fullbólusettil og það hættuástand sem vofði yfir heimilunum er liðið hjá, þá minnkar jafnframt þörfin fyrir miðlæga stýringu á öllum verklagsreglum sem hjúkrunarheimili og dagdvalir setja sér í tengslum við faraldurinn. Eins og sést á útgefnum leiðbeiningum eru heimilin í misjafnri stöðu (fullbólusettil, hálfbólusettil o.frv.) og ljóst að stjórnendur heimilanna hafa nú meira svigrúm til mats þegar verið er að setja verklagsreglur fyrir heimilið, heldur en áður. Ekki er því gert ráð fyrir frekari uppfærslum á sameiginlegum leiðbeiningum eða fundum, nema eitthvað sérstakt komi til.

Bestu kveðjur
Samráðshópurinn.